STJÓRNARTÍÐINDI B 27 — 1985

10. júní 1985 473 Nr. 260

AUGLÝSING

um umferð í Grundarfirði.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Eyrarsveitar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Grundarfirði:

1) Grundargata skal hafa aðalbrautarrétt gagnvart hliðargötum svo sem hér segir:
   biðskylda á Hlíðarvegi við Grundargötu
   ,, ,, Borgarbraut við Grundargötu
   ,, ,, Hrannarstíg við Grundargötu
   ,, ,, Eyrarvegi við Grundargötu
   ,, ,, Fagurhólstúni við Grundargötu
   ,, ,, Sæbóli við Grundargötu og
   öllum botngötum við Grundargötu
2) Umferð um Hrannarstíg skal njóta aðalbrautarréttar með biðskyldu við eftirtalin gatnamót:
   Sólvellir — Hrannarstígur og
   Nesvegur — Hrannarstígur
3) Merktar gangbrautir skulu vera á eftirtöldum stöðum:
   á gatnamótum Sæbóls- Fagurhólstúns- Grundargötu
   á Grundargötu gengt Pósthúsi
   á gatnamótum Eyrarvegar-Grundargötu
   á gatnamótum Hrannarstígs-Grundargötu
   á gatnamótum Borgarbrautar-Grundargötu
   á Grundarbraut við Hlíðarveg
   á Sólvöllum við Hrannarstíg
   á Nesvegi við Hrannarstíg
   á Hlíðarvegi við Borgarbraut
   á Borgarbraut við Kaupfélag
   á Nesvegi við Kaupfélag
   á Sæból við hús nr. 1 og
   á Sæból við hús nr. 24.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 að fengnum tillögum hreppsnefndar Eyrarsveitar og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Grundarfirði, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Lögreglustjórinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, 10. júní 1985.

Jóhannes Árnason.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.